



Nokkrar staðreyndir um
kjör og vinnutíma
flugfreyja og flugþjóna

Vinnutími og starfsumhverfi



- Flugfreyjur/þjónar vinna óreglulega vaktavinnu á öllum tímum sólahrings allt árið
- Flugfreyjur/þjónar í fullri vinnu hafa að lágmarki 65 flugstunda vinnuskyldu í mánuði
- Flugstund er einungis sá tími sem flugvél er á lofti
- Hver flugstund jafngildir að meðaltali 2,5 klst. vinnutíma
- Lágmarks vinnuskylda jafngildir því um 163 tímum í mánuði
- Atvinnurekandi getur einhliða aukið vinnuskyldu upp í 75-85 flugstundir á mánuði
- Flugfreyjur/þjónar gegna mikilvægu öryggishlutverki um borð í flugvélum og bera ábyrgð á að öryggi flugfarþega sé tryggt
- Áhrif vaktavinnu á heilsu og öryggi starfsfólks eru mikil
- Í starfi flugfreyja/þjóna bætist við álag vegna tímamismunar og vinnuumhverfis í flugi

Starfskjör



- Föst laun nýrra flugfreyja í fullu starfi eru nú 289.999 kr. á mánuði með vaktaálagi
- Fastráðin flugfreyja með 10 ára starfsreynslu hefur 405.788 kr. í föst laun með vaktaálagi
- Yfirflugfreyja með 21 ár starfsreynslu eða meira sem er stjórnandi um borð, hefur 585.967 kr. í föst laun með vaktaálagi
- Flestir félagsmenn FFÍ í fullu starfi hafa 400.000 – 600.000 krónur í heildarlaun fyrir skatta á mánuði
- Við föst laun bætast greiðslur vegna kostnaðar ss. dagpeningar og skópeningar líkt og hjá öðrum stéttum þar sem gerð er krafa um fjarveru frá heimili og tiltekinn búnað

Laun - verðlag - kaupmáttur

